



Yfirlýsing um trúnaðar- og þagnarskyldu

Ég, undirrituð/undirritaður heiti því hér með að gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem ég verð áskynja í starfi mínu hjá Ísafjarðarbæ og leynt á að fara. Trúnaðar- og þagnarskylda þessi nær til allra upplýsinga sem ég kemst að við framkvæmd verka minna sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum Persónuverndar eða eru ekki á almennu vitorði. Ber mér að meðhöndla allar persónuupplýsingar sem ég hef aðgang að af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga auk 57. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Ég skuldbind mig til þess að *afhenda ekki*, í hvaða formi sem er, trúnaðarupplýsingar, til aðila, einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar og til að *nýta mér ekki* trúnaðarupplýsingar í viðskiptalegum tilgangi né öðrum tilgangi en þeim að framkvæma þau verk sem mér eru falin í tengslum við starf mitt fyrir vinnuveitanda. Ég geri mér grein fyrir því að afhending trúnaðarupplýsinga, í hvaða formi sem er, til hvers sem er, gæti valdið vinnuveitanda og þeim er upplýsingarnar varða tjóni. Trúnaðarupplýsingarnar gætu m.a. varðað fjárhagsleg og persónuleg málefni einstaklinga innan sveitarfélagsins, starfsmanna vinnuveitanda, barna og tengdra aðila og kjörinna fulltrúa. Einnig upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni, svo sem um uppbyggingu starfsemi, tæknilegar útfærslur, kostnað og tilboðsupphæðir, tilhögun og skipulag verka og þjónustu.

Þá mun ég gæta þess að vanda til allrar skráningar í rafræn upplýsingakerfi hjá vinnuveitanda og fara að settum reglum vinnuveitanda um meðferð rafrænna kerfa og meðferð skjala, eins og þær eru á hverjum tíma.

Ég heiti því að virða trúnaðar- og þagnarskyldu þá sem lýst er hér að framan og geri mér grein fyrir því að hún gildir einnig eftir að ég læt af störfum hjá vinnuveitanda. Mér er kunnugt um að brot gegn þessari trúnaðar- og þagnarskyldu geta varðað refsingu samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 48. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eða, eftir atvikum, ákvæðum annarra laga.

Ég hef lesið og skilið þessa yfirlýsingu og samþykki hana. Mér er ljóst að yfirlýsing þessi er hluti af ráðningarsamningi mínum.

Ísafjarðarbær _____
dags.

Nafn starfsmanns og kennitala

Fylgiskjal: Lagaákvæði sem vísað er til í yfirlýsingu

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011

57. gr. *Starfskjör, réttindi og skyldur.*

- Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.
- Starfsmenn sveitarfélaga og aðrir sem sveitarfélög ráða til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

101. gr. *Skyldur einkaaðila sem sinna verkefni fyrir sveitarfélag.*

- Geri sveitarfélag samning við einkaaðila sem fellur undir 1. mgr. 100. gr. eða felur honum á grundvelli sérstakrar lagaheimildar vald til töku ákvarðana um réttindi eða skyldur manna skulu verktaki og starfsmenn hans bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd verkefnis eða þjónustu samkvæmt grein þessari. Um þagnarskylduna gildir ákvæði 2. mgr. 57. gr. og skal brot á henni varða refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Enn fremur skulu ákvæði stjórnsýslulaga, upplýsingalaga og laga um upplýsingarétt um umhverfismál, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.
- Sama gildir geri byggðasamlag slíka samninga við einkaaðila.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

230. gr.

Ef maður, sem hefur eða haft hefur með höndum starf, sem opinbera skipun, leyfi eða viðurkenningu þarf til að rækja, segir frá einhverjum einkamálefnum, sem leynt eiga að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu, þá varðar það sektum eða [fangelsi allt að 1 ári]. Sömu refsingu varðar einnig sams konar verknaður þeirra manna, sem aðstoðað hafa ofangreinda menn í starfi þeirra.

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

48. gr. *Refsingar.*

- Ef brot einstaklings er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að þremur árum. Brot telst stórfellt þegar það er framið af ásetningi og í hagnaðarskyni með sérstaklega vítavörðum hætti og persónuupplýsingar mikils fjölda skráðra einstaklinga sem leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls komast í hendur þriðja aðila eða birtast opinberlega.
- Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila, starfsmaður hans eða annar á hans vegum framið brot skv. 1. mgr. í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, samhliða stjórnvaldssekt sem lögaðilanum er gerð skv. 46. gr. laga þessara.
- Brot einstaklings á þagnarskyldu skv. 36. og 44. gr. laga þessara varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári. Hafi hann framið brotið til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings má beita fangelsi allt að þremur árum.
- Um upptöku ávinnings af broti og hluta sem notaðir eru til að fremja brot fer eftir ákvæðum VII. kafla A almennra hegningarlaga.